

1. fundur skólanefndar vegna Undralands árið 2017, haldinn 1. febrúar 2017 í leikskólanum kl. 12:00. 14. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Vigdís Furuseð, Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Jónína Kristbjörg Björnsdóttir, (varamaður Freyju) fulltrúi starfsfólks og Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi foreldraráðs. Freyja Þorkeldsdóttir, fulltrúi starfsfólks boðaði forföll

Dagskrá:

- 1. Skýrsla leikskólastjóra**
- 2. Rekstur 2016**
- 3. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna

Gengið var til dagskrár

1. Skýrsla leikskólastjóra

- ❖ Starfið á leikskólanum er nú í föstum skorðum eftir nokkrar breytingar fram eftir vetri. Starfsfólk hefur færst milli deilda og börn líka. Í dag eru 15 börn á Skógarkoti, þrjú árgangar, á Heiðarkoti eru 12 börn, einn árgangur og á Móakoti eru 10 börn, tveir árgangar. Núna fyrsta febrúar byrja tvær dömur sem eru fæddar fyrir sléttu ári síðan. Við höfum fengið fyrirspurn vegna barns frá Rúmeníu og færi það barn inn á Skógarkot ef af vistun verður. Nú verður spennandi að sjá hvað á eftir að koma af börnum til okkar fram á vorið.
- ❖ Frá síðasta skólanefndarfundi hafa orðið nokkrar breytingar í starfsmannahaldi. Auður Hanna Grímsdóttir var ráðin tímabundin til áramóta en fékk svo áfram ráðningu fram á vor. Sára Hertzog fór í fæðingarorlof fyrsta janúar og Þórdís Bjarnadóttir hætti um áramót. Heiða Snorradóttir kom aftur úr launalaus leyfi og Elín Hannibalsdóttir er komin aftur til starfa. Rétt er að taka fram að aðeins eru þrjú starfsmenn í 100% starfi og starfshlutfall er niður í 65%. Leikskólastjóri hefur verið í

góðu sambandi við Hrafnhildi Karlsdóttur varðandi mannahald og hún hefur stutt þessar ráðningar. Það er skilningur minn að mikilvægt sé að ekki fari í sama horf og var hér fyrir ári síðan þegar fólk sagði upp störfum vegna mikils álags.

- ❖ Frá síðasta skólanefndarfundi hefur verið fullmannað á leikskólanum í 12 daga. Þar með talið í kringum jól en þá var töluvert færri af börnum hérna hjá okkur.
- ❖ Elma fer síðan í fæðingarorlof í endaðan febrúar og er verið að vinna í að ráða fyrir hana.
- ❖ Starfsfólk hefur verið duglegt að sækja námskeið og miðla til þeirra sem heima eru. Foreldrafélagið gaf okkur Vináttukassa í jólagjöf og með fylgdi námskeið fyrir tvo starfsmenn, við bættum svo þriðja starfsmanni við og erum spennt að fara að nota efnið.
- ❖ Leikskólastjóri sat fund leikskólastjóra á Suðurlandi í október og þar voru flutt fræðsluerindi um ráðningu starfsfólks og um samskipti í vinnuhópnum og kynntar leiðir til að taka á erfiðum starfsmannamálum.
- ❖ Á kvennafrídeginum, 24. október fengum við samþykki fyrir að loka leikskólanum kl 14:30. Við fórum á Kaffi Grund þar sem staðarhaldarar tóku á móti okkur með kaffi og meðlæti. Ekki var við það komandi að borga fyrir veitingarnar heldur voru þau að sýna stuðning í verki. Starfsdaginn í nóvember notuðum við til að undirbúa starfið og taka til, ekki gefst mikill tími til slíkra verka á venjulegum degi (tiltekt).
- ❖ Foreldraviðtöl voru í nóvember og almenn ánægja var hjá foreldrum með starfið á leikskólanum. Næst verða foreldraviðtöl í apríl.

- ❖ Starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins verður núna í febrúar og foreldrakönnun í apríl. Þetta er liður í innra mati leikskólans. Niðurstöður úr þessum könnunum verða notaðar til að bæta enn starfið innan leikskólans.
- ❖ Freyja er í meistaranámi við HÍ í stjórnun menntastofnana. Þær Jónína Kristbjörg og Heiða voru í leikskólaliðanámi hjá Fræðsluneti Suðurlands fyrir áramót og stefna ótrauðar á að klára það nám í haust. Elma er búin með diplómu í leikskólakennaranámi og Alda byrjaði eftir áramót í leikskólakennarafræðum.
- ❖ Við eigum von á nema sem stundar starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun í HÍ. Við gerum ráð fyrir að hún komi til okkar í febrúar í starfsnám. Einnig höfum við fengið óformlega fyrirspurn frá nema í leikskólakennarafræðum um pláss hjá okkur í vettvangsnámi.
- ❖ Starfsfólk leikskólans tilnefndi foreldrafélagið til Menntaverðlauna Suðurlands. Ekki fékk félagið verðlaunin en rökstuðningur okkar verður birtur í Pésanum og vonandi í Dagskránni.
- ❖ Eftir áramót var farið í að útbúa herbergi fyrir sérkennslu og er mikil ánægja með þá framkvæmd

2. Rekstur 2016

Formaður fór yfir rekstrarniðurstöður leikskólans fyrir árið 2016. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að reksturinn kostaði sveitarfélagið 86 milljónir en niðurstaða ársins er sú að reksturinn kostaði 89,5 milljónir og er munurinn því 3,5 milljón. Skýringin er að mestu fólgin í hækkun á launalið.

3. Önnur mál

a) Vistun 12 mánaða barna, umsóknir um undanþágur. Leikskólastjóri lagði fram 2 umsóknir um undanþágu sbr. 6 gr. vistunarreglna leikskólans. Skólanefnd samþykkir umsóknirnar.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl: 12:30